Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
10. júní 2010
23. tbl. · 27. árg.

Gekk til kosninga með opnum huga

„Þetta var mjög erfið ákvörðun. Ég þurfti að vega og meta ótal margt þegar kom að því með hverjum við ætluðum að starfa næstu fjögur árin," segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæjar í miðopnu.

Guðrún Snæbjörg og Jón Sig tóku lagið.

Pallurinn við Einarshús var þétt setinn.

Tónlist og þorsk-ur í Bolungarvík

Tónlistarhátíðin Þorskurinn 2010 fór fram í veðurblíðu í bakgarði Einarshúss í Bolungarvík á laugardag. Fjöldi tónlistarmanna kom fram á hátíðinni en sólpallurinn í bakgarði hússins var þétt setinn á meðan á dagskrá stóð og nutu gestir veitinga og veðurblíðunnar samhliða tónlistarflutningi. Meðal þeirra sem fram komu á hátíðinni má nefna Guðmund M. Kristjánsson ásamt Olgeirs feðgum. Guðmund Hjaltason, Steingrím Rúnar og hljómsveit, Hjört Traustason, Elfar Loga Hannesson og Sigga Björns en tæplega tuttugu atriði voru á dagskránni.

Þeir tónlistarmenn sem komu fram á hátíðinni fengu að launum þorsk frá Jakobs Valgeirs ehf. í Bolungarvík en fyrirtækið gefur eins mikinn fisk til hátíðarinnar og þurfa þykir. Er þetta í annað sinn sem tónlistarhátíðin er haldin en hún var haldin í fyrsta skipti á Kærleiksdögum í Bolungarvík í fyrra. Ragna Jóhanna Magnúsdóttir vert í Einarshúsi í Bolungarvík hefur gefið það út að hátíðin verði haldin á hverju ári hér eftir og þá alltaf á sjómanndagshelginni. *– kristjan@bb.is*

Guðmundur M. Kristjánsson og feðgarnir Valdimar Olgeirsson og Olgeir Hávarðsson léku nokkur vel valin lög.

Steingrímur Rúnar tók lagið ásamt hljómsveit.

Guðmundur Hjaltason klikkaði ekki.

Jómfrúarferð hins nýja Titanic

Eftirmynd Titanic, hins fræga farþegaskips sem fórst í jómfrúarferð sinni fyrir rúmum 98 árum fór í sína fyrstu siglingu á lóninu við Sólbakka á Flateyri núna á sjómannadaginn. Eftirmyndina sem er í hlutföllunum einn á móti hundrað smíðaði Úlfar Önundarson á Flateyri, en hann hefur smíðað fjölda smáskipa sem siglt hafa á Sólbakkalóni. Jafnframt Titanic smíðaði hann eftirmynd ísjakans sem varð farþegaskipinu mikla að fjörtjóni. Jómfrúarferð hins nýja Titanic gekk að óskum, öfugt við það sem gerðist hjá forveranum, sem átti að vera ósökkvandi en steytti á borgarísjaka á leið sinni frá Bretlandi til Ameríku í aprílmánuði árið 1912.

67 bjuggu vistrými fyrir aldraða 2009

Tæplega sjötíu einstaklingar bjuggu á stofnunum á Vestfjörðum með vistrými fyrir aldraða í desember árið 2009. Þar af voru 32 karlmenn og 36 konur. Meirihluti þeirra eða 33,4% voru 85 ára eða eldri. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um stofnanaþjónustu og dagvistir aldraðra árið 2009. Vistrými í fjórðungnum voru 110 talsins, þar af 13 þjónusturými á dvalarheimilum, 43 hjúkrunarrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum, 54 hjúkrunarrúm á sjúkrahúsum og 27 dagvistarrými. Fjöldi rýma á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum á Vestfjörðum stóð í stað milli áranna 2008 og 2009. Hafði þeim þá verið fjölgað um tólf og hafa þau ekki verið eins mörg í áratug.

Frá árinu 1993 hefur Hagstofa leitað upplýsinga hjá rekstraraðilum um land allt. Í desember voru vistrými alls 3.369, þar af voru hjúkrunarrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum alls 2.315 eða 68,7% vistrýma. Á milli áranna 2008 og 2009 fækkar rýmum á dvalar- og/eða hjúkrunarheimilum um 92. Dvalarrýmum fækkar um 46, fjöldi hjúkrunarrýma á hjúkrunar- og dvalarheimilum stendur í stað, en rýmum á heilbrigðisstofnunum fækkar um 45 á sama tíma. Árið 2009 voru rúm 54% vistrýma á höfuðborgarsvæðinu, en tæp 46% annars staðar.

Alls bjuggu 3.191 á stofnunum með vistrými fyrir aldraða í desember árið 2009, þar af voru konur tæp 64%. Rúm 9% 67 ára og eldri bjuggu í vistrýmum í desember árið 2009. Þetta hlutfall var rúm 12% á landsbyggðinni en tæp 9% á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2009 bjuggu tæp 23% fólks 80 ára og eldra í vistrýmum aldraðra. Það á við um tæp 19% karla á þessum aldri og rúm 25% kvenna. *– thelma@bb.is*

Hlíf, íbúðir aldraðra á Ísafirði.

Veiddi risahlýra

Þýski sjóstangveiðimaðurinn Frank Petzold, veiddi 130 sentímetra langan hlýra fyrir stuttu sem vó 20 kíló. Mun þetta vera stærsti hlýri sem veiðst hefur á sjóstöng við strendur Íslands. Frank hefur verið ásamt hópi þýskra sjóstangveiðimanna við veiðar frá Flateyri og Suðureyri undanfarnar vikur.

„Maí mánuður hefur verið með eindæmum góður fyrir þýsku sjómennina en þeir hafa raðað inn stórlúðunum síðastliðnar vikur," sagði Róbert Schmidt, leiðsögumaður hjá Hvíldarkletti í samtali við Fréttablaðið en fyrirtækið gerir út sjóstangveiðibáta á svæðinu. *– thelma@bb.is*

Birna Lárusdóttir, Jóhann Hinriksson og Margit F. Tveiten við afhendingu bókanna.

Færðu bókasafninu bækur

Birna Lárusdóttir, nýr konsúll Noregs á Ísafirði, og Margit F. Tveiten, sendiherra Noregs á Íslandi, komu færandi hendi á Bókasafnið á Ísafirði á föstudag og færðu því bókagjöf. „Þetta er 10-15 bækur eftir ýmsa höfunda, bæði norska og íslenska. Við erum afar þakklát fyrir að fá þessa gjöf," segir Jóhann Hinriksson forstöðumaður Safnahússins á Eyrartúni. Sendiherra Noregs var stödd á Ísafirði til þess að setja Birnu inn í embættið. Það var gert í hófi sem boðað var til í Edinborgarhúsinu.

Konur 45% sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er að meðaltali hæst Vestfjörðum eða 45%. Lægst er hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra eða 34%. Í fimm sveitarfélögum er hlutfallið nær 60% og eru þrjú þeirra á Vestfjörðum, þ.e. Tálknafjörður, Árneshreppur og Bæjarhreppur. Af 479 sveitarstjórnarfulltrúum á landinu eru 187 konur eða 39%. Er hlutdeild kvenna í sveitarstjórnum nú á bilinu 0-60%. Þetta kemur fram í úttekt Jafnréttisstofu á hlut kynja á framboðslistum, í þeim sveitarfélögum þar sem fram fer hlutbundin kosning.

Að því er fram kemur á mbl.is er ljóst af þeirri samantekt að hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er enn í lægra lagi en hækkar nokkuð jöfnum skrefum milli kosninga. Samantektin náði til sjötíu af 76 sveitarfélögum á landinu. Að loknum sveitarstjórnarkosningum árið 2006 voru 35,9% sveitarstjórnarmanna konur og fyrir þær kosningar voru 32% kjörinna fulltrúa konur. Fyrir kosningar 2002 voru konur 28% sveitarstjórnarmanna. Hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum því aukist um ríflega þriðjung síðan fyrir kosningarnar 2002, sem nemur 11%.

Í tólf sveitarfélögum eru konur í meirihluta í sveitarstjórn. Eftir kosningar 2006 voru konur í meirihluta í ellefu sveitarfélögum og fyrir þær voru þau tíu talsins. Í nítján sveitarfélögum eru konur innan við 30% sveitarstjórnarmanna og þar af eru þær innan við fjórðungur þeirra í tólf sveitarfélögum. Lægsta hlutfall karla í sveitarstjórn er 40%. „Er því ljóst að meðaltal á landsvísu segir ekki alla sögu og nokkrar hæðir og lægðir eru í hinu pólitíska landslagi að þessu leyti," segir á mbl.is.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **10. - 13. júní**

Tilboð
Green Giant
aspas

425 g **299** kr. stk.

120 g

Grænar **melónur** á **50%** **afslætti!**

~~438~~ **219** kr. kg

30% afsláttur

~~769~~

538 kr. kg Kjúllaleggir BBQ
frá **Ísfugli**

Góð kaup!

~~109~~ 100 g

98 kr. stk. Batchelors núðlur
með kjúklingi, nautakjöti eða karrí

30% afsláttur

~~3.198~~

2.239 kr. kg Nauta Rib-Eye
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr. kg Grill lamba-
kótilettur frá **Kjötseli**

Góð kaup!

~~219~~ 295 g

199 kr. stk. Batchelors súpur
með kjúklingi, sveppum eða tómati

30% afsláttur

~~3.198~~

2.239 kr. kg Nautafilé með fitu
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr. kg Grill lamba-
lærissneiðar frá **Kjötseli**

31% afsláttur

~~577~~

398 kr. stk. Jólakaka
frá **Myllunni**

30% afsláttur

~~199~~ 120 g

139 kr. stk. Nautahamborgarar
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Góð kaup!

~~898~~

691 kr. kg Grísahakk
frá **Bautabúrinu**

Góð kaup!

~~259~~

198 kr. stk. Appelsínusafi
Glóaldin, 1 lítri

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Helgi Rafn sigraði fyrstu Sönglagakeppni Vestfjarða

Helgi Rafn Ingvason sigraði Sönglagakeppni Vestfjarða á föstudag.

Helgi Rafn Ingvarsson sigraði Sönglagakeppni Vestfjarða með lag sitt „Fugl fyrir vestan“. Keppnin fór fram í sal Edinborgarhússins á föstudag. Fjórtán lög kepptu til úrslita og var ljóst frá fyrstu tónum að dómnefndin ætti erfitt val fyrir höndum. Annað sætið hreppti lagið „Alltaf, Alltaf“ eftir Ingvar Þór Kormáksson í flutningi Böðvars Reynissonar og þriðja sætið hlaut lagið „Vestfirðir“ eftir þá Ægi Örn Ingvason, Gunnar Vigfús Guðmundsson og Benjamín Hrafn Böðvarsson við texta Ólafs Sv. Jóhannessonar sem flutt lagið. Áhorfendur í sal fengu einnig að segja sína skoðun og völdu besta lag og besta flytjandann með atkvæðagreiðslu. Voru áhorfendur sammála dómnefnd og völdu lag Helga Rafns sem besta lagið. Söngkonan Heiða Ólafs fékk var valin besti flytjandinn af áhorfendum en hún flutti lagið „Heima“ eftir Trausta Bjarnason.

Umgjörð keppninnar var öll sú glæsilegasta en eitthvað virðast bæjarbúar hafa sýnt henni takmarkaðan áhuga því töluvert var um laus sæti í salnum. Flytjendur, aðstandendur og aðrir létu það þó lítið á sig fá og gáfu allt í sölurnar. Hljómsveit kvöldsins með Hrólf Vagnsson, hljómsveitarstjóra í fararbroddi lék undir af öryggi eins og vestfirsku hljóðfæraleikurunum einum er lagið og voru flytjendurnir allir mjög sannfærandi á sviðinu hvort sem þar var að ræða hina þrettán ára stúlku frá Dýrafirði, Agnesi Sólmundsdóttur eða lækninn knáa, Lýð Árnason.

Dómnefnd kvöldsins var skipuð þeim Vilbergi Vilbergssyni, eða Villa Valla, formanni dómnefndar, Soffíu Vagnsdóttur, Birgir Olgeirssyni, Ylfu Mist Helgadóttur og Birgir Örn Sigurjónssyni eða Biggabix. Kynnar kvöldsins voru þau Guðný Sóley Kristinsdóttir og Elfar Logi Hannesson sem sá um að halda gestum á tánum milli laga en eftir keppnina leik hljómsveit kvöldsins fyrir dansi fram á rauða nótt. Nokkuð öruggt verður að teljast að hér sé um að ræða keppni sem komin er til að vera og má með sanni segja að hér er glæsilegur viðburður á ferðinni sem mun skila Vestfirðingum, Vestfjarðalögum næstu árin.

Helgi Rafn hlaut tíu stúdíótíma í Tankinum,hljóðveri á Flateyri í verðlaun ásamt stafrænu upptökutæki frá Hljóðfæraverslununinni Rín, Flugfari fyrir tvo frá Flugfélagi Íslands, gistingu í tvær nætur fyrir tvo á Hótel Ísafirði, kvöldverði fyrir tvo í tvo daga á veitingastaðnum Við Pollinn á Ísafirði og ferð fyrir tvo í Vigur frá Vesturferðum með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar.

– kristjan@bb.is

Spurningin

Hver er þín sýn á framtíðina eftir kosningarnar?

Alls svöruðu 370.
Ég er bjartsýn(n) sögðu 177 eða 48%
Ég er svartsýn(n) sögðu 131 eða 35%
Mér er sama sögðu 62 eða 17%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg norðvestlæg átt og dálítil rigning eða súld norðan og Austanlands framan af degi en léttir til sunnanlands. Hiti 3-14 stig.
Horfur á laugardag: Hæg breytileg átt og víða léttskýjað. Hiti 8- 16 stig, hlýjast til landsins. **Horfur á sunnudag:** Breytileg átt og víða léttskýjað.

Ritstjórnargrein

Réttmæt krafa

Einu virðist gilda hvaða flokksmerki er í jakkalafi þingmanna sem komast í ráðherraembætti. Þegar svo er komið fyllast þeir vissu um að þeirra sé valdið. Dæmi þar um er frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um skeldýrarækt, þar sem aðkomu sveitarstjórna til að leggja grunninn að þessum nýja og mikilvæga málaflokki er með öllu hafnað.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) hefur réttilega gert athugasemdir við þessi vinnubrögð og lagt áherslu á að sveitarfélögin komin að skipulagi á starfsemi innan strandsvæða þeirra með sama hætti og þeim er falið skipulagsvald á landi. Fráleitt er talið að aðgreina þessa þætti umhverfismála með þessum hætti og leggja slíkt alræðisvald í hendur ráðherra, að geta sagt fyrir um og úthlutað ræktunarsvæðum án þess að sveitarstjórnir hafi nokkuð þar til málanna að leggja.

„Kjarni þessa máls er að fjölbreytni í nýtingu strandsvæðisins hefur aukist verulega á síðustu árum og sjá má fyrir áframhaldandi aukningu í þeim efnum. Nýting strandsvæðisins er að hverfa frá einhliða sjónarmiðum sem hafa veiðar að meginhugsun yfir í þá hugsun að um skipulagða ræktun og nýtingu verði að ræða,“ segir í umsögn FV, en þar er jafnframt lögð áhersla á eftirfarandi: „Fyrir Vestfirði, sem líkur benda til að sé kjörið ræktunarstæði, þá er mikilvægt að vel takist til um lagasetningu í þessum efnum. Horft er til uppbyggingu þessarar atvinnugreinar sem eins af lykilþáttum í eflingu núverandi atvinnulífs með jákvæðum áhrifum á búsetuþróun um alla Vestfirði. Slíkt er í takt við önnur markmið stjórnvalda að stuðla að kjarnahæfni svæða um leið eflingu og aukna fjölbreytni starfa um land allt.“

BB fagnar áhuga stjórnvalda á þessum málaflokki. Til að yfirlýst markmið með frumvarpinu nái fram að ganga verður að vanda til verka og tryggja aðkomu sveitarstjórna. Af áratuga dapurri reynslu af fiskveiðistjórnunarkerfi sem misheppnast hefur jafn herfilega og raun ber vitni við að byggja upp helstu fiskistofnana, má augljóst vera að Vestfirðingar krefjast þess að vera hafðir með í ráðum þegar kemur að lagasetningu sem um alla framtíð getur skipt sköpum um varðveislu lífríkis þeirra mörgu fjarða, sem sérstaða Vestfjarða byggist á; fjarða, sem hugsanlega er hægt að gera, í einhverri mynd, að þeim „gullkistum“ sem þeir áður voru.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra verður að brjóta odd af oflæti sínu og sérfræðinga sinna og virða rétt „heimamanna“ í þessu máli, þar sem verið er að leggja undir umhverfi sem þeir hafa búið við, mann fram af manni, öldum saman. Og því fremur, sem búið er að svifta fólkið aldagömlum nýtingarrétti auðlindarinnar að stórum hluta, er krafan um aðkomu að því að bjarga því sem bjargað verður, réttmætari.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Birna Lárusdóttir nýr ræðismaður Noregs á Ísafirði, Margit Tveiten sendiherra Noregs á Íslandi og Sverrir Hestnes fráfarandi ræðismaður.

Nýr ræðismaður Noregs

Margit Tveiten sendiherra Noregs á Íslandi boðaði til móttöku í Edinborgarhúsinu á Ísafirði síðdegis á föstudag, þar sem Birna Lárusdóttir tók við starfi ræðismanns Noregs á Ísafirði af Sverri Hestnes. Sendiherrann þakkaði Sverri fyrir mjög vel unnin störf sem ræðismaður Noregs í 28 ár og fór um hann afar lofsamlegum orðum. Þegar Sverrir tók við embættinu á sínum tíma var öldin önnur og verkefnin talsvert frábrugðin því sem er í dag. Þannig var hann mikið að aðstoða skipverja á norskum fiskiskipum og öðrum norskum skipum sem komu til Ísafjarðar, en sá tími er í rauninni liðinn. „Ég sem ræðismaður tek frekar að mér að vera þeim Norðmönnum innan handar sem hingað koma, en þar er einkum um ferðafólk að ræða sem þarf á einhverri aðstoð að halda ef eitthvað kemur upp á“, segir Birna Lárusdóttir.

„Síðan er það meira orðið hlutverk ræðismannsins að vera tengiliður við Noreg. Það er mikill áhugi af hálfu sendiráðsins að koma á fót samvinnu í menningu og listum og íþróttum. Þannig er Margit Tveiten sendiherra mjög áhugasöm um enn meiri tengsl við Fossavatnsgönguna sem margir Norðmenn taka þátt í ár hvert.“

Margt góðra gesta var í samkvæminu, m.a. Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði.

Norðmenn eru með fjóra ræðismenn á Íslandi, auk Ísafjarðar á Akureyri, Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum. „Mér finnst það virðingarvert framtak af hálfu Norðmanna að viðhalda þessum tengslum“, segir Birna.

Svo vill til að Birna Lárusdóttir og fjölskylda hennar búa í húsinu sem Sverrir Hestnes byggði á sínum tíma á Ísafirði og átti heima í. Ræðismannsskjöldurinn er því núna á ný kominn upp á sama vegginn þar sem hann var áður um langt árabil.

Fjöldi fólks skellti sér í skemmtisiglingu á Ísafirði í tilefni sjómanndagsins.

Fjölmenni í skemmtisiglingu

Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur á Ísafirði um helgina. Farið var í stutta skemmtisiglingu á laugardag frá Sundahöfninni með skipum Hraðfrystihússins–Gunnvarar í Hnífsdal eins og hefð er fyrir. Var ekki annað sjá en að yngsta kynslóðin og aðrir gestir hafi notið ferðarinnar en veður var með besta móti laugardag. Á sunnudag var sjómannadags guðþjónusta í Ísafjarðarkirkju og opið hús í Byggðasafni Vestfjarða. Boðið var upp á sjómannakaffi víðsvegar í bænum og var m.a. kaffihús Hvestu, *List án landamæra* opið yfir helgina í tilefni sjómannadagsins.

Lönduðu tonni framhjá vigt – þrír handteknir

Starfsmenn Fiskistofu komu upp um löndunarsvindl hjá fiskvinnslufyrirtækinu Íslandssögu á Suðureyri í síðustu viku. Greint var frá því í fréttum Stöðvar 2 að starfsmenn Fiskistofu hafi beitt nýstárlegum aðferðum til að koma upp um löndunarsvindlið en þeir fóru til Suðureyrar og þóttust vera erlendir sjóstangveiðimenn til þess að vekja ekki athygli á sér. Starfsmenn Fiskistofu höfðu fylgst með Íslandssögu á Suðureyri í nokkurt skeið og gripu til sinna ráða á þriðjudag. Urðu eftirlistmennirnir vitni að því að starfsmaður fiskvinnslunnar ók hluta aflans úr vélbátnum Valgerði BA framhjá hafnarvoginni, eða um 1.000 kg af þorski.

Kölluðu starfsmenn Fiskistofu til lögreglu sem kom á svæðið og handtók að lokum þrjá aðila. Voru það verkstjóri fiskvinnslufyrirtækis á Suðureyri, sem jafnframt var stjórnandi lyftarans sem vann við löndunina, skipstjóri viðkomandi báts og loks starfsmaður Ísafjarðarhafna er annaðist vigtunina í viðkomandi löndun. Voru yfirheyrðir og látnir lausir er málið taldist upplýst.

Bolungarvíkurkaupstaður

Yfirhafnarvörður

Bolungarvíkurhöfn óskar eftir að ráða yfirhafnarvörð frá og með 1. ágúst 2010. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og eiga gott með að vinna með öðrum. Almenn tölvukunnátta er áskilin. Æskilegt er að viðkomandi hafi löggildingu vigtarmanns. Staðgóð þekking á Bolungarvíkurhöfn er kostur.

Nánari upplýsingar fást hjá bæjarstjóra á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar í síma 450 7000.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skulu hafa borist á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar eigi síðar en 24. júní nk., eða á netfangið elias @bolungarvik.is.

Ákvörðun sem olli andvökunóttum

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, oddviti Framsóknarflokksins, er eini fulltrúi flokksins sem kjörinn var í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þetta kjörtímabilið. Augu íbúa Ísafjarðarbæjar beindust að Albertínu í kjölfar kosninganna þar sem það var í hennar höndum hvort Framsóknarflokkurinn héldi áfram samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn eða myndaði nýjan meirihluta með Í-listanum.

Bæjarins besta settist niður með Albertínu er hún átti stund milli stríða eftir að hafa ákveðið að ganga til samninga við sjálfstæðismenn og spurði hana út í ákvörðun hennar og upphaf í pólitíkinni.

Albertína er þrítug, fædd, uppalin og búsett á Ísafirði. Hún er menntaður félagsfræðingur og í mastersnámi í landfræði. Hún hefur einnig verið í Tónlistarskóla Ísafjarðar síðan hún var 6 ára. Hún starfar sem verkefnastjóri og kennari hjá Háskólasetri Vestfjarða og organisti í afleysingum.

Albertína hefur verið í Framsóknarflokknum með hléum síðan hún var 19 ára og því fannst blaðamanni forvitnilegt að spyrja hvort hún hafi strax á unglingsaldri haft áhuga á pólitík.

„Já, ég var mikið í félagsmálum þegar ég var yngri og fyrir mér var þetta rökrétt framhald á því. Svo var ég plötuð til að vera talningarmaður í kosningunum 1998 og endaði það sumar í Sambandi ungra framsóknarmanna. Ég fór fljótlega í stjórn SUF á landsvísu og eftir það varð eiginlega ekki aftur snúið.“

– Stjórnmál hafa strax átt vel við þig?

„Já, ég hef mikinn áhuga á því að láta gott af mér leiða og lít á stjórnmál sem gott tækifæri til þess. Ég hef alltaf viljað leggja mitt af mörkum til samfélagsins og er fyrst og fremst að gera þetta til að taka þátt í að hlúa að hagsmunum sveitarfélagsins.

Mér finnst mjög gaman að vasast í stjórnmálum, þó auðvitað sé það misgaman. Það koma tímar sem eru erfiðir og það eru stundum átök. Þó skoðanaskipti séu mikilvæg, í raun nauðsynleg, þá finnst mér að allir ættu að geta starfað saman, sérstaklega í sveitarstjórnarmálum. Við erum öll af vilja gerð að leggja okkar fram og gera það sem er best fyrir sveitarfélagið. Að mínu mati ætti ekki að vera blanda flokkapólitík við starfið í sveitarstjórn og þá enn síður hvað er að gerast innan flokkanna á landsvísu. Í rauninni ætti að vera fyrir löngu búið að setja á persónukjör í sveitarstjórnarkosningum.“

Ekki endalaust hægt að herða sultarólina

Hinn ungi bæjarfulltrúi segist hafa haft mjög gaman af því að vera frambjóðandi og taka þátt í kosningabaráttunni.

„Það sem gerði kosningabaráttuna svo skemmtilega var að maður fékk tækifæri að kynnast sveitarfélaginu á nýjan hátt. Maður fékk að koma inn bakdyramegin hjá fyrirtækjum sem maður myndi annars lítið vita um. Fólk er að gera virkilega flotta hluti hér og maður fyllist bjartsýni fyrir framtíð sveitarfélagsins þrátt fyrir erfiða tíma í efnahagslífinu.“

– Þú kemur inn í bæjarstjórn á mjög erfiðum tíma.

„Já, vægast sagt. Ég sé fram á að allavega næstu tvö árin verði mjög erfið. Ríkið er að boða gríðarlegan niðurskurð og ljóst er að öll sveitarfélög landsins þurfa að draga saman seglin. Það er þó erfitt fyrir okkur hér fyrir vestan því við erum búin að draga saman seglin í svo langan tíma. Ég tel mikilvægt að bæjarstjórn taki höndum saman og ræði það við ríkið hversu gjörsamlega út í hött það í raun er að við, sem þurftum að skera niður vegna góðærisins og þenslu annars staðar, þurfum einnig að fara í niðurskurð þegar það er kreppa. Hvenær kemur eiginlega okkar tími? Einhvern tímann verðum við að segja: Stopp! Við getum ekki endalaust búið til göt í beltið til að herða sultarólina. Þetta er ósanngjarnt og ég skil vel hugmyndir um að aðskilja Vestfjarðakjálkann og koma upp landamærastöð á Borðeyri og vera þannig ein um fiskimiðin og auðlindir Vestfirðinga. Hér liggja ofsalega mörg tækifæri, en hugmyndin er nú líklega ekki raunhæf, þó skemmtileg sé.

Við verðum líka að standa vörð um það sem við höfum. T.d. höfum við barist fyrir því að fá opinber störf vestur og nú þurfum við að verja þau störf.“

– Áttu von á því að bæjarstjórn þurfi að taka erfiðar ákvarðanir á næstunni?

„Alveg örugglega. En við verðum líka að muna að í erfiðleikum liggja oft tækifæri til breytinga. Oft koma upp nýjar hugmyndir þegar erfitt er þar sem fólk neyðist til að hugsa á annan hátt og finna nýjar leiðir til að framkvæma hlutina þegar peningaflæðið er af skornum hætti. Upp úr því spretta oft mun stærri hugmyndir sem hægt er að byggja á í framtíðinni. Mér finnst mjög mikilvægt að líta á það þannig og einblína ekki eingöngu á neikvæðu þættina og að bæjarstjórn reyni að finna nýjar leiðir til þess að spara.“

Gekk opin til kosninga

Albertína segir að ákvörðunin um samstarfið í meirihluta hafi verið allt annað en auðveld og valdið henni nokkrum andvökunóttum.

„Ég hef lagt áherslu á að koma heiðarlega fram en þetta er ekki óskastaða neins. Mín skoðun er sú að við ættum öll að starfa saman, sem við auðvitað gerum nú yfirleitt, en það breytir því ekki að ég varð að velja. Þetta var mjög erfið ákvörðun. Ég þurfti að vega og meta ótalmargt þegar kom að því með hverjum við ætluðum að starfa næstu fjögur árin. Það er þó rétt að það komi fram að þetta var alls ekki eingöngu mín ákvörðun, að sjálfsögðu ekki. Við vorum sjö saman í kosningastjórn fyrir kosningarnar og þau hjálpuðu mér við þessa erfiðu ákvörðun, sem og aðrir félagsmenn sem voru duglegir að hafa samband, og ég er mjög þakklát öllum þeim sem aðstoðuðu mig við þetta.“

– Voruð þið framsóknarmenn búnir að velta fyrir ykkur þessari stöðu fyrir kosningar og jafnvel búin að taka ákvörðun?

„Nei, ég gekk til kosninga með opnum huga og við ræddum það ítarlega í kosningabaráttunni, að við værum vel tilbúin að starfa með báðum flokkum. En hins vegar þegar fór að líða að kosningum gerði ég mér vissulega grein fyrir því að líklega kæmi að þeim tímapunkti að ég yrði að velja á milli og að þetta gæti orðið mjög erfitt. Það er mjög gott fólk á báðum listum og í sjálfu sér enginn gríðarlegur munur á stefnuskrám þeirra.

Ég var ekki búin að velja fyrirfram. Persónulega hallast ég sjálf til vinstri og velti því lengi fyrir mér hvort það væri nú kannski kominn tími til að hrista aðeins upp í hlutunum. Þegar á hólminn var komið varð ég þó að líta til þess að Sjálfstæðisflokkurinn fékk fleiri atkvæði í kosningunum og samstarfið hefur gengið vel í tólf ár. Mér fannst því eðlilegt að tala við þá fyrst, en ég var einnig í símasambandi við oddvita Í-listans og leyfði honum að fylgjast með gangi mála. Það sem gerði gæfumuninn fyrir mig var að sjálfstæðismenn lögðu fram mjög endurnýjaðan lista, sá eini sem ekki kemur nýr inn er Gísli Halldór sem ég hef átt mjög gott samstarf við, og að þeir samþykktu kröfuna um að ráða bæjarstjóra, sem í mínum huga var ófrávíkjanleg. Ég tel að það verði gríðarleg breyting að fá bæjarstjóra sem er faglega ráðinn.

Engu að síður var þetta afar erfið ákvörðun og snerist að ekki að neinu leyti um að ég vildi ekki starfa með Í-listanum eða neitt slíkt, þetta er vitaskuld ekkert persónulegt. Niðurstaðan var einfaldlega sú að við náðum góðu samkomulagi við sjálfstæðismenn og ég er mjög jákvæð og spennt fyrir þessu samstarfi. Ég hlakka þó einnig til að starfa með Í-listanum og ég held að þetta verði mjög góð bæjarstjórn.“

Krafa hins nýja Íslands

Albertína hefur verið gagnrýnd fyrir að tala ekki formlega við Í-listann áður en hún tók ákvörðun um að ganga að samkomulagi við sjálfstæðismenn.

„Þar sem við náðum fljótlega góðu samkomulagi við sjálfstæðismenn og vorum jákvæð fyrir því samstarfi, þá hefði mér fundist það vera hræsni af mér ef ég hefði talað formlega við Í-listann og þóst vera að íhuga að fara í samstarf við þau þrátt fyrir að hugur minn væri farinn að hallast í átt að hinum. Fólk má alveg vera ósammála mér varðandi þetta, ég þoli það alveg. Mitt mat var einfaldlega að það væri heiðarlegra af okkur að viðurkenna að við ætluðum í samstarf með sjálfstæðismönnum í þetta skiptið í stað þess að setjast formlega niður með Í-listamönnum til þess eins að geta sagt að við hefðum hist. Við vorum mjög ánægð með það sem við náðum fram í samningaviðræðunum við sjálfstæðismönnum og tókum því þessa ákvörðun.“

– Hver er ástæðan fyrir því að þið vilduð faglega ráðinn bæjarstjóra?

„Í fyrsta lagi er ekki söguleg hefð fyrir því á Ísafirði að vera með pólitískan bæjarstjóra þótt svo hafi verið þannig síðustu átta árin. Þó að áður hafi verið yfirlýstir sjálfstæðismenn í bæjarstjórastólnum voru þeir ráðnir sem bæjarstjórar. Ef maður fylgist með umræðunni í landinu, og í raun í heiminum öllum, er gerð sú krafa að hlutirnir séu faglega unnir. Ef litið er til landsins í heild er nánast annað hvert sveitarfélag að ráða bæjarstjóra nú eftir kosningarnar, við þurfum ekki að leita lengra en til nágranna okkar á Hólmavík og Patreksfirði. Krafa hins nýja Íslands er að hlutirnir séu gerðir faglega en ekki af peninga- eða valdagræðgi. Við erum með bæjarstjórn með kjörnum fulltrúum til þess að setja stefnuna í sameiningu og taka pólitískar ákvarðanir, svo er það bæjarstjórans að fylgja því eftir. Þetta var mjög mikilvæg krafa og ég vona að ráðningin muni ganga vel.

Ég var búin að láta bæði Eirík Finn og Sigurð vita fyrir kosningar að þetta yrði okkar krafa. Eins og ég sagði þeim báðum snýst þetta ekki um að ég treysti þeim ekki til að sinna starfinu vel. Þeir eru báðir góðir drengir og vísast vel til starfsins fallnir.“

Albertína segir að ráðning bæjarstjóra sé á byrjunarstigi og því sé ekki hægt að segja til um hvenær gengið verði frá ráðningu nýs bæjarstjóra.

„Við gerum ráð fyrir því að fá ráðningarskrifstofu til þess að aðstoða okkur við ráðninguna. Þetta er allt í vinnslu og kemur betur í ljós á næstu dögum.“

Hófu vinnu við Dýrafjarðargöng

Nemendur Grunnskólans á Þingeyri fóru í síðustu viku ásamt elstu krökkunum á leikskólanum Laufási að fyrirhuguðum jarðgangnamunna Dýrafjarðarganga og tóku fyrstu skóflustunguna. Mættu þau ásamt kennurum, skólastjórnendum, foreldrum og fjölmörgum gestum sem komu til að fylgjast með og leggja hönd á plóg. Alls kyns mokstursgræjur voru notaðar við verkið og ríkti mikil gleði meðal yngstu kynslóðarinnar með áfangann. Þá hafði einhver meðferðis litla borsveif og var það tíðrætt að borun væri nú í raun hafin. Unnið var á um 20 fermetra svæði og var efninu ekið burt í hjólbörum. Voru skólakrakkarnir sammála um það að aðstoð stjórnvalda við verkið væri vel þegin og að það gæti flýtt fyrir verkinu. „Þetta framtak sýnir að unga kynslóðin lætur sig varða sína framtíð og ekki seinna vænna að koma á heilsárssamgöngum við suðurfirði Vestfjarða," segir á Þingeyrarvefnum en þar má einnig finna myndir frá verkinu. *– kristjan@bb.is*

Margar hendur vinna létt verk. Mynd: Sigmundur F. Þórðarson.

Sakfelldur fyrir skattalagabrot

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sakfellt karlmann fyrir skattalagabrot og dæmt hann til greiðslu sektar sem nemur einni milljón króna. Maðurinn var ákærður fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélags, þar sem hann var stjórnarformaður og prókúruhafi fyrir, með því að standa ekki skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd félagsins vegna þriggja uppgjörstímabila á árunum 2006 og 2007 og hafa ekki staðið skil á sömu skýrslum á lögmæltum tíma. Með þessu athæfi var ekki talin fram skattskyld velta að fjárhæð 45.955.817 kr. Að auki var honum gert að sök að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í starfseminni á tímabilinu mars 2006 til og með desember 2007, samtals að fjárhæð 11.387.736 kr.

Maðurinn krafðist þess að vera sýknaður af öllum kröfum og byggði það aðallega á því að refsikrafa ákæruvalds væri andstæð banni við því að leggja oftar en einu sinni á refsingu fyrir sömu háttsemi. Með kröfunni færi ákæruvaldið fram á að dómurinn ákvarði manninum refsingu á ný fyrir háttsemi sem honum hafi þegar verið refsað fyrir. Þannig sæti maðurinn endurtekinni opinberri rannsókn vegna sömu sakarefna. Því til rökstuðnings vitnaði hann m.a. í að í nýlegum dómi í máli Sergey Zolotukhin gegn Rússlandi, hafi Mannréttindadómstóll Evrópu vikið frá fyrri fordæmum sínum um túlkun efnisskilyrða 1. málsgreinar 4. greinar samningsviðauka nr. 7 við mannréttindasáttmálann í þá átt að rýmka verulega réttarvernd ákvæðisins.

Við ákvörðun sektarinnar var tekið mið af því að öll virðisaukaskattstímabil sem ákæra málsins tók til, töldust hafa verið greidd að öllu eða verulegu leyti fyrir útgáfu ákæru. Að því virtu og með vísan til dómafordæma Hæstaréttar og þess að allur álagður virðisaukaskattur vegna fyrrgreindra virðisaukaskattstímabila hafði verið að fullu greiddur ásamt álagi og dráttarvöxtum var talið að tilvísun ákæruvalds til 1. málsgreinar 262. greinar almennra hegningarlaga ætti ekki við í málinu og því væri ekki um stórfellt brot að ræða.

Var ákærða því ekki gerð refsing.

– thelma@bb.is

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Síðasta námskeiðið á GAMLA VERÐINU verður haldið á Ísafirði mánudaginn 21. júní nk.

Ath! Verkalýðsfélog veita allt að 100 þúsund króna styrk. Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í símum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Okuskoli S.G.

Færri sóttu um störf

Færri sóttu um störf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar hjá Ísafjarðarbæ en búist var við. „Það sóttu fimm um störf á þessum forsendum sem er minna en við áttum von á. Það segir manni að kannski fleiri séu búnir að fá vinnu en gert var ráð fyrir. Við getum þó enn bætt við okkur í almennri vinnu, til að mynda við garðyrkju og í Vinnuskólanum," segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Um er að ræða tímabundin átaksverkefni sem bæjaryfirvöld sóttu um aðild að sem ætluð eru einstaklingum á atvinnuleysisskrá og námsmönnum sem eru á milli anna og skólastiga.

Halldór bætir við að bætt var við 17 og 18 ára ungmennum við Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar á síðasta ári og reynt er að tryggja eins mörgum vinnu og mögulegt er. Hugmyndir Ísafjarðarbæjar í verkefninu sneru að 1-2 störfum á tæknideild sveitarfélagsins á tæknideild við skönnun skjala, 1-2 í áhaldahúsi, fjögur í slætti og fimm í garðyrkju.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti heimild fyrir sex stöðugildum í tengslum við tímabundin átaksverkefni á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar. Gert var ráð fyrir níu störfum í núgildandi fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og sóttu bæjaryfirvöld um mótframlag frá ríkinu vegna 15 starfa.

– thelma@bb.is

„Þurfum öll að róa að því marki að allir hafi atvinnu“

„Vestfirðingar hafa alltaf getað treyst á sjávarútveg og fiskvinnslu er kemur að sumarstörfum fyrir ungmenni en því miður virðist það ætla að bregðast okkur að hluta til þetta árið,“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, aðspurður hvort vinnslustöðvanir hjá fiskvinnslum skerði starfsmögulega skólafólks sem leitar sér að sumarstarfi. „Sumarið er ekki gott hvað varðar að fá vinnu í fiski þessa stundina. Ég veit að þeir hjá Íslandssögu hafa reynt að skapa þeim vinnu sem sóst hafa eftir því á Suðureyri og að ungmenni hafa fengið vinnu hjá HG fram að sumarlokun sem ætlað er að standi yfir í fjórar vikur,“ segir Finnbogi en eins og greint hefur verið frá hefur verið ákveðið að Vísir á Þingeyri loki vegna hráefnisskorts í sumar og er ekki gert ráð fyrir að vinnsla hefjist að nýju fyrr en í september.

„Þetta er afskaplega leiðinlegt mál og nánast það sama og gerðist 2008. Þarna ákveða menn að fella fólk af launaskrá í stað þess að halda því á kauptryggingu fram að sumarleyfum. En það er fátt við því að gera þegar fyrirtæki ákveður slíkt í svona stöðu,“ segir Finnbogi.

Fulltrúar Verkalýðsfélagsins og Vinnumálastofnunar funduðu með starfsmönnum Vísis á fyrir stuttu og gerðu þeim grein fyrir réttindum þeirra. Vinnumálastofnun tilkynnti á fundinum að hún myndi bjóða upp á námskeið í sumar. „Þeir munu reyna hvað þeir geta að bjóða upp á námskeið á meðan atvinnuleysinu stendur. Ég tel þó óraunsætt að það takist að bjóða upp á námskeið í allt sumar. Eins og kunnugt er hefur beðið um greiðslustöðvun hjá Eyrarodda á Flateyri en þar ákvað menn að reyna koma á fiskvinnslu námskeiði á meðan stopp stendur yfir svo fólk hafi eitthvað fyrir stafni.“ Þá hefur Perlufiskur á Bíldudal tilkynnt að þeir muni segja upp öllu starfsfólki vegna hráefnisskorts í sumar. Hafa forsvarsmenn fyrirtækisins þrjátíu daga frest til að ákveða hvort það taki gildi eður ei.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Finnbogi segir því ástandið vera ansi bágt hvað kemur að fiskvinnslu á svæðinu. „Það er mjög slæmt að fiskur sem veiddur er á þessu svæði er fluttur út á markað í stað þess að skapa vinnu á svæðinu. Með því að senda allan fisk í burtu á markað er verið að flytja burt skatt- og útsvarstekjur frá sveitarfélögunum hér. Það er bölvanlegt að horfa á hluti hverfa frá okkur sem gæti skapað meiri vinnu, jákvæði punkturinn í því er þó að sjómennirnir okkar eru þá að fá besta fáanlega verðið fyrir fiskinn.“

Finnbogi segist reyna að vera vongóður þótt hann sé ekki allt of bjartsýnn fyrir sumarið. „Maður hefur alltaf litið þannig á að við erum öll í sama bát og þurfum öll að róa að því marki að hér hafi allir atvinnu. Þar mega menn ekki láta gróðasjónarmið blinda sér sýn. Það getur verið að allir verði að leggjast á árar í einu til að takast á við þau verkefni sem liggja fyrir. Ef við ætlum að vinna okkur úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir verða menn að horfa til samfélagsins en ekki bara skara eld að eigin köku.“

– thelma@bb.is

Útgjöld vegna sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var 21,7 milljónir króna á síðasta ári.

21,7 milljónir í sjúkraflutninga árið 2009

Útgjöld vegna sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var 21,7 milljónir króna á síðasta ári. Er það litlu minna en árið áður þegar kostnaðurinn var 21.9 milljónir þrátt fyrir að Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ hafi verið sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í upphafi árs 2009. Þetta kemur fram í svari Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar þingmanns í Norðvesturkjördæmi á Alþingi. Í svarinu kemur fram að ráðuneytið vinnur að heildarendurskoðun á skipulagi sjúkraflutninga í landinu. Við stefnumótun er meðal annars höfð til hliðsjónar skýrsla starfshóps um sjúkraflutninga á Íslandi sem lögð var fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra í janúar 2008.

„Mörg af þeim atriðum sem þar komu fram munu nýtast vel við að þróa skipulag sjúkraflutninga en mikilvægt er þó að árétta að skýrslan er ekki stefnumótun í sjálfu sér,“ segir ráðherra. Ekki er enn komið að því að boða til formlegra funda að því er fram kemur í svarinu en við mótun stefnu í sjúkraflutningum gilda að sjálfsögðu sömu lögmál og um aðra heilbrigðisþjónustu á Íslandi. „Hún á að vera eins góð og frekast er unnt að hafa hana miðað við þær aðstæður sem við búum við hverju sinni. Það þýðir að þjónustan á að vera örugg, markviss, skilvirk og tímanleg. Þjónustan á að vera aðgengileg og allir að hafa að henni jafnan aðgang. Umfram allt á þjónustan að miðast við þarfir sjúklinga,“ segir í svari ráðherra.

Ráðherra segir að í samræmi við kröfulýsingu eru sjúkrabílar víðast hvar á landinu mannaðir með tveimur sjúkraflutningamönnum. Frá því er þó heimilt að víkja samkvæmt kröfulýsingunni og manna bíl með sjúkraflutningamanni og öðrum heilbrigðisstarfsmanni, gjarnan lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Aðspurð hver stefna ráðherra sé varðandi útboð á sjúkraflutningum og hvort unnið sé að slíku útboði í ráðuneytin sagði Álfheiður að í lögum um sjúkratryggingar eru heimildir til útboðs, m.a. á sjúkraflutningum, sem hafa verið nýttar á undanförnum árum. Ekki er fyrirhugað af hálfu ráðherra að leggja til breytingar á þeim lagaheimildum. Nýlega var gerður samningur um sjúkraflutninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og gildir hann til 31. desember 2011. Ekki er unnið að gerð útboðs á sjúkraflutningum í ráðuneytinu um þessar mundir.

Tæki Ísafjarðarbæ rúm sautján ár að greiða niður skuldir

Ef áætlanir sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum, þ.e. Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur, ganga eftir, mun það taka Bolungarvík rúm sjö ár að greiða niður skuldir sveitarfélagsins með veltufé, Ísafjarðarbæ rúm sautján ár og Súðavík rúm fjórtán ár. Þetta kemur fram í skýrslu 100 daga nefndarinnar svokölluðu sem kannaði kosti og galla þess að sameina sveitarfélögin þrjú. Tekið er fram í skýrslunni að miðað sé við að engar framkvæmdir eigi sér stað á því tímabili sem um ræðir og að öllu fjármagni yrði varið til greiðslu skulda.

Samkvæmt skýrslu 100 daga nefndarinnar tæki Ísafjarðarbæ rúm 17 ár að greiða skuldir sínar með veltufé frá rekstri ef öllu fjármagni yrði varið til greiðslu skulda.

Þar sem tekjur sveitarfélaga eru stöðugri en veltufé frá rekstri, kann að vera gagnlegt við mat á greiðslugetu, í samanburði við greiðsluskuldbindingar, að setja skuldir í hlutfall við tekjur, heldur en að setja þær í hlutfall við veltufé frá rekstri. Það má hafa það í huga að um 9% tekna ættu að standa eftir til greiðslu lána aðalsjóðs og 13% tekna samstæðunnar. Sé litið til samstæðunnar hefur hlutfall skulda af tekjum sveitarfélaga á landsvísu verið 1,68. Í Bolungarvíkurkaupstað var hlutfallið um 2,1-2,3 árin 2002-2005, en gert er ráð fyrir því að það verði komið um 1,5 árið 2010.

Skuldir í hlutfalli við tekjur samstæðureiknings Ísafjarðarbæjar hafa verið nálægt landsmeðaltalinu. Skuldir í hlutfalli við tekjur samstæðu Súðavíkurhrepps voru yfir landsmeðaltali fram til ársins 2005, þegar hlutfallið lækkaði verulega og hefur það síðan verið nokkru undir meðaltalinu.

Ef litið er til skulda án lífeyrisskuldbindinga A hluta sveitarfélaganna í hlutfalli við veltufé frá rekstri var hlutfallið hærra en á landsvísu árunum 2002-2006 og talsvert hærra hjá Bolungarvík og Ísafjarðarbæ. Árin 2007 og 2008 lækkaði hlutfallið hins vegar í landsmeðaltal. Árið 2009 var hlutfallið lægra en lands fyrri ára segir til um og árið 2010 stefnir í að hlutfallið verði aftur lægra í Bolungarvík en við meðaltalið í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

smáar

Til sölu er Palomino Colt fellihýsi, 4-6 manna, árg. 2003, ásamt fortjaldi. Verð kr. 850 þús. Uppl. í síma 846 8326.

Til sölu er Paomino Colt fellihýsi, árg. 2002 ásamt fortjaldi og ýmsum fylgihlutum. Uppl. í síma 895 3595.

Til sölu er 3ja ára Amica eldavél með steyptum hellum. Einföld en ágæt. Upplýsingar í síma 867 6657.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á 1. hæð að Fjarðarstræti 6. Uppl. í símum 456 3357, 847 8533 og 847 8522.

Vantar notaða garðsláttuvél. Uppl. í síma 698 6198.

Gaman eða alvara

Stakkur skrifar

Nú skýrast afleiðingar kosninga til sveitarstjórna og sem fyrr segir er þar margt nýstárlegt. En kjarni málsins er sá að ekki má gleyma því að lýðræðið er dýrmætt. Þessi mikilvægi réttur okkar sem búum á Íslandi að velja okkur fulltrúa til setu í sveitarstjórnum og á Alþingi er ekki sjálfsagður. Víða um heim fær fólk ekki að kjósa og sums staðar ríkir fullkomið gervilýðræði sem fólgið er í því að velja um einn flokk eða lista. Meirihluti jarðarbúa fær ekki að velja. En einmitt vegna þess hve dýrmætur þessi réttur að kjósa er skulum við hafa í huga að það skiptir miklu hvernig með hann er farið.

Þegar litið er á það hvernig kosningarnar fóru á Akureyri verður ljóst að þeir sem kusu höfðu fengið yfir sig nóg af þeim flokkum sem stýrt höfðu bæjarfélaginu undanfarin ár. Hvort þar réði það sem mörgum fannst hroki fyrrverandi bæjarstjóra eða eitthvað annað skal ekki sagt hér. Það er hins vegar ljóst að hroki margra stjórnmálamanna á vettvangi þings og sveitarstjórna hefur skapað mikla andúð almennings í þeirra garð. Sérstaklega á þetta við um þá sem tengjast hinni miklu og áður marglofuðu útrás manna sem haga sér eins og siðferði sé hugtak fyrir fátækan almenning. Fólk sem gefur kost á sér til kjörinna starfa fyrir almenninng hefur með því afsalað sér ýmsum þeim réttindum sem þeir sem vilja pukrast með sín mál telja sig hafa. Stjórnmálamenn geta ekki leyft sér að pukrast með mál og síst þegar þau liggja á mörkum þess sem boðlegt er.

Akureyringar áttu val fólks sem með trúverðugum hætti tókst að fá 45% kjósenda til að verja atkvæði sínu á L listann. Þetta er venjulegt fólk sem fór fram með sannfærandi hætti og vill vinna bæjarfélaginu vel. Í Reykjavík velta margir vöngum og átta sig ekki alveg á því hvað gerðist. Það er rannsóknarefni fyrir stjórnmálafræðinga að greina hvernig á því stendur að óþekkt stjórnmálaafl án nokkurs þess sem kalla mætti málefnaskrá tókst að fá kjörna sex borgarfulltrúa. Það telst varla marktækt loforð tengt stjórnun höfuðborgarinnar að lofa því að flytja ísbjörn í Húsdýragarðinn. Einmitt þess vegna vekur niðurstaðan athygli og fróðlegt verður að fylgjast með því hvert verður framhaldið.

Þegar boðið eru upp á allskonar fyrir aumingja og það hlýtur svo mikið fylgi sem raun ber vitni má velta því fyrir sér hvernig kjósendur Besta flokksins líti á sjálfa sig. En kannski voru þeir bara orðnir þreyttir eins og Akureyringar.

Við Vestfirðingar megum vel við una og getum verið stoltir af okkar fólki.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ólafur nýr sýslumaður

Ólafur Hallgrímsson, lögfræðingur hefur verið ráðinn til að sinna starfi Sýslumanns á Ísafirði meðan að leitað er að nýjum sýslumanni. Kristín Völundardóttir, sem sinnti starfinu sem og starfi lögreglustjóra Vestfjarða frá árinu 2007, var skipuð forstjóri Útlendingarstofnunar í mars á þessu ári.

Ekki fengust upplýsingar um hvenær nýr sýslumaður verður ráðinn, né hve lengi Ólafur mun sinna starfinu en um ótímabundna ráðningu er að ræða.

Gjöf sem veitir öryggi

Börnin í fyrsta bekk Grunnskólans á Ísafirði fengu reiðhjólahjálma að gjöf í síðustu viku. Gjöfin er liður í árvissu átaki Kiwanis, Flytjanda og Eimskips til að stuðla að auknu öryggi barna landsins á reiðhjólum. Börnin voru að vonum hæst ánægð með glaðninginn. Þetta er í áttunda sinn sem börn á sjöunda aldursári fá hjálm að gjöf en í umferðarlögum segir að börnum yngri en 15 ára sé skylt að nota hjálm við hjólreiðar.

Hópslagsmál í Bolungarvík

Hópslagsmál brutust út fyrir utan skemmtistað í Bolungarvík um klukkan þrjú á aðfaranótt sunnudags. Allt að 20 manns tóku þátt í slagsmálunum með einum eða öðrum hætti en lögreglumenn fóru á staðinn og stilltu til friðar.

Enginn slasaðist alvarlega í átökunum en nokkrir hlutu minniháttar áverka. Einn maður var handtekinn og færður í fangageymslu á Ísafirði.

Tveir nýir til liðs við KFÍ

Tveir nýir leikmenn hafa skrifað undir samning við Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar. Um er að ræða þá Daða Berg Grétarsson, fyrrum leikmann ÍR og Ármanns og Ara Gylfason, sem leikið hefur með FSU og Þór frá Þorlákshöfn. Ríkir mikil ánægja innan herbúða KFÍ með leikmennina en samkvæmt vef félagsins er fleiri fréttir væntanlegar á næstu dögum varðandi samninga við fleiri leikmenn.

Búast má við mikilli baráttu á næsta tímabili en KFÍ leikur nú í efstu deild í fyrsta skipti í sjö ár.

Rúmur helmingur ökumanna á Ísafirði notaði ekki bílbelti

Grunnskólanemar gerðu könnun á notkun bílbelta og biðla til fullorðinna að nota þennan öryggisbúnað.

Nemendur í 2. bekk Grunnskólans á Ísafirði stóðu við strætóskýlið við Pollgötu á Ísafirði dag einn í síðustu viku og gerðu könnun á bílbeltanotkun ökumanna. Könnunin fór fram frá kl. 10:20-10:40 og 11:40-12:20 og töldu krakkarnir 241 bíl. Niðurstaða könnunarinnar sú að 49,3% bílstjóra notuðu bílbelti en 50,7% notuðu þau ekki. „Við vitum að meira en helmingur þeirra sem við töldum nota ekki bílbelti og við vitum líka að ef maður spennir ekki bílbelti þá er maður að brjóta lög. Okkur var sagt að sektin við því að nota ekki bílbelti væri 10.000 kr. sem gerir rúmar 1.220.000 kr. Það væri nú hægt að kaupa flott leiktæki á skólalóðina fyrir þann pening. Svo getur það líka verið mjög hættulegt að vera ekki í bílbelti ef maður lendir í árekstri. Okkur langar til þess að hvetja alla til þess að spenna beltin!," segir í bréfi nemendanna sem þau færðu lögreglunni á Ísafirði ásamt niðurstöðum könnunarinnar.

Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði segir þetta sláandi niðurstöður en þær komi þó ekki á óvart. „Við höfum verið að fylgjast leikskólunum án þess að láta á okkur bera og það hefur komið mjög á óvart hvað foreldrar hafa börnin sín oft óspennt í bílnum. Það þarf ekki annað en að bremsa harkalega til þess að slys verði. Dæmi eru um að hemlun á 40-50 km hraða hafi orðið til þess að barn hafi henst fram úr aftursætinu og lent gírstöng eða mælaborðinu og slasast mjög illa. Ef það hlýtur t.d. hálsáverka geta verið um ævarandi áverka að ræða. Það er mikið vandamál að fullorðna fólkið fylgi ekki settum reglum í umferðinni. Okkur finnst dásamlegt að börnin hafi tekið þetta frumkvæði að gera þessa könnun en börn hafa oft verið hörð á því að reka foreldrana í belti."

Önundur þekkir af reynslu sinni í lögreglunni hversu mikilvægt það er að nota öryggisbelti. „Ég var fyrir einhverjum árum að vinna við umferðarslys í Reykjavík. Þar ók kona sem var með þrjú börn í bílnum í veg fyrir stóran vörubíl. Til allra hamingju voru þau öll í öryggisbeltum og það yngsta í bílstól. Billinn tókst á loft og fór í hring og þrátt fyrir þennan harða árekstur voru þau öll ómeidd en með för eftir beltið. Svo nokkrum dögum seinna fór ég í útkall vegna annars árekstrar þar sem keyrt var í veg fyrir konu var að keyra yfir á grænu ljósi. Hún var ekki í belti og lenti með hnén á mælaborði og fótbrotnaði mjög illa. Ég þekki til þessarar konu og veit að hún hefur aldrei náð sér fullkomlega. Þetta sýnir hvað beltin skipta miklu máli. Þetta litla handtak getur bjargað fólki frá örkumlun sem getur varað alla ævi. Það ætti því ekki að þurfa að segja fullorðnu fólki að þetta sé spurning um að vera heilbrigður og tekur aðeins 1-2 sekúndur."

Önundur segir að tregða fólks til að nota bílbelti sé ekki eina vandamálið þegar kemur að umferðarlagabrotum innanbæjar. „Það er mjög algengt að fólk sé að tala í símann við aksturinn. Með því er það að setja sjálft sitt og aðra í umferðinni í hættu því það getur ekki bæði talað í símann og einbeitt sér að akstrinum. Það er mjög dapurt að fólk sé það illa tímasett að það hafi ekki tíma til að tala í símann nema á meðan það er að keyra."

– thelma@bb.is

Gistinóttum fækkar

Gistinóttum á hótelum á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða í voru 2.300 í apríl á þessu ári samanborið við 3.100 í apríl 2009 og fækkaði því um 26% milli ára. Gistinætur á hótelum á Íslandi voru 85.600 í apríl en voru 93.100 í sama mánuði í fyrra. Fækkun gistinátta nær til allra landsvæða nema Norðurlands og Suðurnesja en þar fjölgaði gistinóttum milli ára. Á Austurlandi fækkaði gistinóttum úr 2.300 í 1.900 og á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum úr 67.400 í 60.600 eða um 10% miðað við apríl 2009.

Á Suðurlandi voru gistinætur svipaðar milli ára eða um 10.000. Gistinóttum fjölgaði hinsvegar á Norðurlandi og á Suðurnesjum milli ára. Fækkun gistinátta á hótelum í apríl er eingöngu hægt að rekja til erlendra gesta, en gistinóttum þeirra fækkaði um 11% miðað við apríl 2009 á meðan gistinætur Íslendinga eru svipaðar milli ára.

Þegar litið er á fyrstu fjóra mánuði ársins kemur í ljós að gistinóttum á hótelum fjölgaði um 2% yfir allt landið. Gistinætur fyrstu fjóra mánuði ársins voru 311.300 en voru 305.100 á sama tímabili 2009. Gistinóttum fjölgaði á Norðurlandi, Suðurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu en fækkaði mest á milli ára á Vesturlandi og Vestfjörðum eða um 14%.

Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótelum, þ.e. hótelum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótel sem eingöngu eru opin yfir sumartímann. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

– kristjan@bb.is

Bolungarvíkurkaupstaður

Tónlistarskólastjóri

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur frá og með 1. ágúst 2010.

Tónlistarskólinn hefur starfað frá árinu 1964 og er í eigin húsnæði sem hentar starfseminni mjög vel. Hann er vel búinn hljóðfærum. Í skólann voru skráðir rúmlega 40 nemendur í vetur.

Umsækjendur þurfa að hafa góða tónlistarmenntun auk þess sem reynsla af kennslu og stjórnin er æskileg.

Nánari upplýsingar fást hjá bæjarstjóra á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar í síma 450 7000.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skulu hafa borist á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar eigi síðar en 24. júní nk., eða á netfangið elias @bolungarvik.is.

Hollt að vera í hljómsveit!

Ísfirska hljómsveitin Reykjavík! hefur komið víða við gegnum tíðina. Á dögunum kom hljómsveitin í heimsókn á æskuslóðir en tilgangur ferðarinnar var að taka upp nýjan sumarsmell með tónlistarmanninum Mugison og halda tónleika ásamt því að heimsækja á skóla á svæðinu og kynna krökkum hvernig er að vera í rokkhljómsveit. Hljómsveitin er skipuð fjórum Ísfirðingum, þeim Guðmundi Birgi Halldórssyni, Ásgeiri Sigurðssyni, Hauki Magnússyni og Valdimar Jóhannssyni, Hnífsdælingnum Kristjáni Frey Halldórssyni og Reyðfirðingnum Bóasi Hallgrímssyni. Blaðamaður sló að þráðinn til Kristján Freys trommara sveitarinnar og spurðist fyrir um verkefnið og sitt hvað fleira.

– Hvaðan kom sú hugmynd að heimsækja grunnskólanema á Vestfjörðum?

„Þetta er hugmynd sem við í hljómsveitinni vorum búnir að ræða svolítið en við mundum eftir því þegar við vorum í Menntaskólanum á Ísafirði, að þá kom sellóleikarinn Gunnar Kvaran í heimsókn, skrautlegur gaur með afróhár en með honum í för var konan hans sem spilaði með honum á flygil. Þetta var verkefnið Tónlist fyrir alla sem hefur verið kynnt svolítið í skólum á undanförnum árum og þetta hafði skemmtileg áhrif á mann þótt iðulega væri þetta klassísk tónlist.

Okkur fannst áhugaverð tilraun að reyna að víkka þetta, en hugmyndin var að rokkhljómsveit færi inn í skólastofu til að kynna það að vera í hljómsveit. Það eru t.d. svo margar klisjur sem fylgja því að vera í rokkhljómsveit. Þeir sem spila rokktónlist þurfa ekkert endilega að vera með sítt hár og drekka viskí, við erum t.d. kennarar og pabbar og svoleiðis og hlustum ekkert bara á harða tónlist þó að við spilum hana. Við ákváðum að þróa þessa hugmynd aðeins og sóttum svo um styrk til Menningarráðs Vestfjarða sem var síðan til í að vinna með okkur í þessu verkefni. Þannig fórum við af stað."

– Hver er tilgangurinn með verkefninu og hvernig er þetta framkvæmt?

„Við erum með ákveðna beinagrind í sirka eina kennslustund og þetta byggist á því að við spilum nokkur lög og spjöllum við krakkana. Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður er okkur svolítið hugleikin en hún mun klárlega hafa gríðarleg áhrif á komandi kynslóðir hér fyrir vestan og okkur finnst þetta vera hluti af ákveðinni eftirfylgni að efla áhuga hjá ungu fólki á hvers konar sköpun.

Án þess að við séum að hallmæla íþróttaiðkun að neinu leyti, þá lítum við á það að vera í hljómsveit sem sams konar hópíþrótt og félagsskapurinn sem felst í því og það að vera skapa eitthvað er eitthvað sem er mjög mikilvægt. Það er aðallega það að gera eitthvað allt annað en að hanga bara á netinu, og gera eitthvað skemmtilegt í góðra vina hópi. Við spjöllum við krakkana á þessum nótum."

– Hvernig hafa heimsóknirnar gengið hingað til?

„Við heimsóttum nokkra skóla hér á svæðinu og það var rosalega gaman, fengum skemmtilegar spurningar og fundum mikinn áhuga. Við vorum t.d. spurðir hvernig við semjum tónlist og fleira í þeim dúr. Söngvarinn Bóas var spurður hvort hann væri rappari því hann var ekki nægilega vel girtur í mittið. Krakkarnir eru mjög virkir í því að spyrja og ef það er einhver tilgangur með þessu þá er það er það að vekja áhuga og að til verði kannski nokkur bílskúrsbönd hér á svæðinu, það væri frábært.

Það er gott að alast hérna upp. Tónlistarskólinn hefur náttúrlega verið geysiöflugur og stuðlað að því að Ísafjörður var menningarhöfuðstaður Íslands hér áður fyrr, og er kannski enn, og við höfum alltaf verið mjög öflug hér fyrir vestan. Það er gaman að fylgja þessu eftir og halda því gangandi, alveg eins og KFÍ þarf að huga mest að ungviðinu en ekki kaupa útlendinga, það má bera þetta saman. Við erum þakklátir fyrir allar þær viðtökur sem við höfum fengið hér heima. Við höfum ferðast út um allt en við erum strákar sem ólumst hérna upp saman og erum ennþá félagsskapur Ísfirðinga sem hittast vikulega og gerum tónlist, við tökum okkur ekki of hátíðlega og það er mjög gaman, Þetta er liður í því að þakka fyrir það með því að gefa eitthvað til baka núna."

– Hafið þið gert eitthvað líkt þessu áður?

„Hljómsveitin Reykjavík! hefur gert allan fjandan. Við höfum spilað á leikskólum og bókasöfnum og allskyns stöðum í Ameríku og Evrópu til að mynda. Við höfum farið mjög víða og tveir okkar eru kennarar og hafa mjög mikið unnið með unglingum. Guðmundur er búinn að vera að vinna með unglingum í tíu ár og Bóas hefur unnið sem kennari í Austurbæjarskóla og hjá Hjallastefnunni, þannig þeir eru báðir hoknir reynslu. Við erum búnir að spila mikið fyrir unglinga ásamt því að gera eitthvað skemmtilegt með þeim."

– Í heimsókn ykkar á dögunum heimsóttuð þið skóla á Ísafirði og í nágrenni, er ætlunin að fara að fleiri staði?

„Við fórum á Flateyri, Suðureyri, Súðavík og áttum þrjár heimsóknir á Ísafirði. Seinni umferðin á þessum Vestfjarðahring okkar verður farin í haust en þá langar okkur að heimsækja Strandamenn og sömuleiðis sunnanverða Vestfrðina. Við ákváðum á byrja hér fyrir norðan þar sem við áttum ferð í Súðavík í upptökur með Mugison. Þar vorum við að klára að taka upp sumarsmell með honum í Tankinum á Flateyri. Þetta verður rosalega flott lag, alveg klikkað!"

– Og hvað er svo framundan hjá hljómsveitinni?

„Við ætlum að gefa út nokkrar smáskífur frá og með sumrinu til hausts og enda svo með stórri plötu fyrir jól. Þetta verður þriðja stóra platan okkar og okkur hefur gengið furðuvel hingað til, að okkur finnst, miðað við það að vera spila svona tónlist sem er ekki endilega spiluð í Popplandi eða álíka útvarpsþáttum. Við höfum bara verið duglegir að fylgja þessu eftir og höfum sem betur fer ákveðinn hlustendahóp sem hefur fylgt okkur alla tíð og plöturnar okkar hafa alltaf selst virkilega vel miðað við þessa tegund tónlistar. Við höfum líka verið að gefa plöturnar okkar út erlendis og ætlum að fylgja því eftir í haust með Evróputúr.

Þetta er bara mjög heilbrigt samstarf og félagsskapur sem við viðhöldum og það er allt í lagi að breiða það út að vera í hljómsveit snýst ekki alltaf um að gera vinsæla smelli og selja. Við höfum svo sem prófað að fara út í harkið. Árið 2007 fórum við mjög oft út að spila og ég var farinn að þekkja alla í Leifsstöð. Við spiluðum í Noregi, Frakklandi, Kanada, Texas og Montreal í Kanada og út um allt eiginlega. Við erum mjög vel kynntir og höfum selt alveg ágætismagn af plötum. Þetta er einfalt, við kunnum ekki að sauma og mætum því ekki í saumaklúbb. Við förum frekar inn í æfingarhúsnæði, svitnum saman og sköpum tónlist. Það má aldrei gera lítið úr því að vera í hljómsveit, það er svo hollt!"

Mexíkósk sumarveisla

„Hér kemur mexíkósk sumarveisla sem við hjónin héldum eitt sinn fyrir góða vini. Tilvalið er að slá upp veislu með skemmtilegu þema þegar sumarið er að ganga í garð," segir Ingibjörg. Hún bendir á að uppskriftirnar miðast við fjóra, fyrir utan eftirréttinn.

Fordrykkur: mexíkósk sangría

1 flaska rauðvín
1 glas ferskur appelsínusafi
½ glas sítrónusafi
100 g sykur

Hellt í könnu, fyllt upp með klökum, sykurinn settur útí og hrært og skreytt með appelsínusneiðum.

Forréttur: Kjúklingasalat

Kjúklingabringur 3-4, skornar í sneiðar
Pipar, salt, maple sýróp, sesamfræ

Steikið kjúklingabringurnar á pönnu uppúr olíu og kryddið með pipar og salti. Þegar þær eru nær fullsteiktar hellið maple sýrópi yfir þær og bætið sesamfræjum útí. Látið krauma/malla í smástund.

Sælkerinn

Sett er á disk klettasalat, tómatar, avacadó, rauðlaukur, agúrka í þunnum lengjum og muldar nachos flögur og hvaðeina sem ykkur þykir gott í svona salatbeð og kjúklingnum raðað á salatbeðið. Gott er að hella smá Balsamic sósu yfir.

Aðalréttur: Grillaðar salsa nautalundir

500 g nautalundir
1 krukka salsasósa
¼ bolli sítrónusafi
¼ bolli vatn
2 msk olía

Allt nema lundirnar er blandað saman í skál. Svo eru nautalundirnar lagðar ofaní skálina og þakið vel með sósunni og látið bíða í ísskáp í lágmark 6 klukkustundir, ennþá betra ef það næst að geyma þetta yfir nótt. Þessu er svo skellt á grillið og grillað eftir smekk.

Meðlæti: bökunarkartöflur og ferskt salat

Að lokum kemur hér dúndur „eftirréttur" sem er langt frá því að vera barnvænn.

Sælkeri vikunnar er Ingibjörg Sólveig Guðmundsdóttir.

Eftirréttur: Mexíkóskt kaffi (þetta miðast við einn)

1 bolli kaffi-sterkt
1 msk tequila
1 msk Bols Creme de Cacao
Þeyttur rjómi ofan á

Mig langar að benda á Elínbjörgu Katrínu Þorvarðardóttur á Flateyri sem næsta matgæðing.

Fráfarandi bæjarstjórn á síðasta fundi sínum.

Tímamót í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Fráfarandi bæjarstjórn Ísafjarðarbæ hélt sinn síðasta fund á fimmtudag í síðusut viku. Þar flutti Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, ávarp þar sem hann er að ljúka störfum sem bæjarstjóri og bæjarfulltrúi. Hann þakkaði bæjarfulltrúum og starfsmönnum Ísafjarðarbæjar fyrir samstarfið þau 12 ár er hann hefur verið bæjarstjóri og jafnframt bæjarfulltrúi þar af í 8 ár. Birna Lárusdóttir, fráfarandi bæjarfulltrúi, fór að nokkru yfir feril sinn sem bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ. Hún þakkaði samstarfið við bæjarfulltrúa þau 12 ár sem hún hefur setið í bæjarstjórn. Jafnframt þakkaði hún starfsmönnum Ísafjarðarbæjar fyrir gott samstarf þessi ár. Hún óskaði þeim bæjarfulltrúum er nú taka við alls velfarnaðar í sínum störfum.

Svanlaug Guðnadóttir rakti að nokkru starf sitt sem bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar. Hún þakkaði bæjarfulltrúum samstarfið í bæjarstjórn, sem og starfsmönnum Ísafjarðarbæjar fyrir gott samstarf.

Sigurður Pétursson ræddi um þau tímamót sem verða nú í bæjarstjórn, er nokkrir núverandi bæjarfulltrúar er starfað hafa sem bæjarfulltrúar í allmörg ár, hverfa úr bæjarstjórn. Hann þakkaði bæjarfulltrúum öllum fyrir samstarfið í bæjarstjórn síðustu árin, sem og þakkaði hann starfsmönnum Ísafjarðarbæjar fyrir samstarfið á liðnu kjörtímabili.

Magnús Reynir Guðmundsson gerði í stuttu máli grein fyrir störfum sínum að sveitastjórnarmálum, bæði sem starfsmaður og bæjarfulltrúi hjá Ísafjarðarkaupstað og síðan Ísafjarðarbæ. Hann færði bæjarfulltrúum og starfsmönnum Ísafjarðarbæjar þakkir fyrir samstarfið þessi ár. Jafnframt óskaði hann nýkjörnum bæjarfulltrúum alls velfarnaðar á komandi árum í störfum sínum fyrir Ísafjarðarbæ.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir þakkaði bæjarfulltrúum fyrir samstarfið þann tíma er hún hefur setið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Jafnframt færði hún þakkir til starfsmanna Ísafjarðarbæjar.

Að lokum færði Gísli H. Halldórsson, forseti, bæjarfulltrúum þakkir og sérstaklega þeim bæjarfulltrúum, sem ekki munu starfa í nýkjörinni bæjarstjórn.

Þakkar íbúum traustið

„Tilfinningin sem því fylgir að hætta er góð. Ég ákvað í upphafi þess kjörtímabils sem nú er að ljúka að ég myndi ekki gefa kost á mér að nýju sem oddviti Sjálfstæðisflokksins hér í bæ eða sem bæjarstjóraefni. Það er mín skoðun að allir hafi gott af endurnýjun, einstaklingurinn sjálfur og samfélagið," sagði Halldór Halldórsson fráfarandi bæjarstjóri sem bæjarfulltrúi á síðasta fundi núverandi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Halldór hefur verið í sveitarstjórnarmálum í 16 ár eða frá vori 1994 þegar ég tók fyrst sæti í bæjarstjórn Grindavíkur, svo var það Fjórðungssamband Vestfirðinga og svo bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar frá vori 1998. Í ræðu hans kom fram að hann hefur setið 95% funda í bæjarstjórn síðan í júní 1998, en misst af 15 þeirra á þessum tólf árum.

Hann segir að tilfinningin sem því fylgir að hætta sé jafnframt tregablandin. „Ég mun fljótlega kveðja það frábæra starfsfólk Ísafjarðarbæjar sem ég hef unnið með svo lengi. Og ég mun kveðja þennan vettvang, bæjarstjórnina þar sem skoðanaskipti hafa stundum verið með ágætum, orðræðan af ýmsum toga, ég tel að ný bæjarstjórn þurfi að gera átak og geti gert átak í að bæta umræðuna hér í þessum sal. Þrátt fyrir umræðu af ýmsum toga er flestum málið lokið með samhljóða niðurstöðu. Þannig er það oftast í sveitarstjórnarmálum, það er deilt um eitt og annað, sumt sem ekki er með neinum hætti á vettvangi bæjarstjórnar en svo er fólk sammála um niðurstöðuna, ekki alltaf, alls ekki, en oftast."

„Samstarfsfólk í bæjarstjórn hefur eðlilega verið margt á þessum árum. Það hefur verið öflugt fólk með okkur í meirihlutanum og góður starfsandi alla tíð. Það kjörtímabil sem nú er næstum liðið hefur einkennst af mikilli samstöðu okkar sem skipum meirihlutann," segir Halldór. „Nú er nýtt fólk að koma á vettvang af hálfu Sjálfstæðisflokksins; þrír af fjórum bæjarfulltrúum hafa ekki verið áður í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Sama gildir um fulltrúa Framsóknarflokksins sem hefur verið varamaður til þessa. Og hjá Í-lista er einn af fjórum bæjarfulltrúum nýr en hefur verið varamaður."

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri ræðunni á því að segja: „Ég vil að lokum þakka íbúum Ísafjarðarbæjar fyrir traustið sem þeir hafa sýnt mér öll þessi ár enda er ég stoltur af því að hafa verið treyst fyrir þessu starfi í þessu glæsilega sveitarfélagi Ísafjarðarbæ þar sem náttúran, menningin og mannlífið kallast á og mynda órofa heild."

– thelma@bb.is

Einkabankinn í símann þinn á l.is

Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.

Farðu inn á l.is og prófaðu Einkabankann í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankann í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.

EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
EINNEMM / SÍA / NM42451